

Nd.

455. Breytingartillögur

[144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, PP, GHG).

1. 12. gr. orðist svo:

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegssins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 18 600 þús. kr. á árinu 1984.

2. Á eftir 34. gr. komi ný gr. er verði 35. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar bændum vegna ótíðar sumarið 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbættri eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.